


Borgarbyggð
Jökull Helgason,
forstöðumaður
Borgarbraut 14
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. júlí 2012
Tilvísun: UST20120300139/abg

Framkvæmdir í landi Litla Hrauns

Vísað er til fyrri bréfaskipta Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins vegna deiliskipulagslýsingar í landi Litla Hrauns.

Þann 4. júlí sl. skoðuðu fulltrúar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ruðning (slóð) vegna lagningar vatnsleiðslu í landi Litla Hrauns og könnuðu arnasetur og varpstæði í nágrenni hans. Eins og fram hefur komið hefur sveitarfélagið veitt leyfi til lagningar vatnsleiðslu í landi Litla Hrauns en enga vatnsleiðslu var að sjá á staðnum.

Framkvæmdir við slóðagerð

Slóðinn sem ruddur hefur verið er að mati Umhverfisstofnunar umfangsmeiri en til þarf til lagningar vatnsleiðslu. Við skoðun kom einnig í ljós að hafinn er ofaníburður í slóðann sem gefur til kynna að hugmyndin sé að nota slóðann til umferðar og ætlunin sé að byggja upp veg. Samkvæmt upplýsingum Borgarbyggðar hefur verið gert samkomulag um að stöðva frekari framkvæmdir við ofaníburð að svo stöddu. Við enda slóðans standa tvö sumarhús, annað á búkkum en hitt á steypum stöplum. Veitt hafa verið stöðuleyfi fyrir húsunum samkvæmt upplýsingum sveitarfélagsins. Allt þetta gefur til kynna, að mati Umhverfisstofnunar, að ætlunin sé að nýta umræddan slóða til umferðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands er að finna arnarvarp innan 100 m frá framangreindan ruðningi vegna lagningar vatnsleiðslu. Áður hafa komið fram ábendingar um að óheimilt sé að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæðum sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands er einn varpstaður 19 m frá slóðanum. Þar voru nú að finna ummerki eftir dvöl arna nú í vor. Þar eru greinileg merki um arnarhreiður, m.a. hafa lurkar verið bornir í á síðustu árum en þar hefur ekki verið varp svo vitað sé síðan um eða fyrir 1990. Annar er skammt suðaustur við fyrn nefndan stað og er áætlæður 100-200 m frá slóða. Sá þriðji er 90-100 m frá slóðanum, þ.e. hreiðurkletturinn

stendur næst slóðanum um 90 m en varpstaðurinn 99 m frá röskunarsvæðinu við slóðann. Ernir hafa komið við nýlega á þessum stað en engin merki eru um að átt hafi verið við hreiðrið alllengi. Þar var síðast varp um eða upp úr 1990 en þetta er fornfrægasti arnarvarpstaðurinn í Eldborgarhrauni (Arnarstapar). Telja verður að framangreint leyfi til að leggja vatnsleiðslu í landi Litla Hrauns sé í ósamræmi við framangreint ákvæði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 64/1994. Áður hefur auk þessa verið bent á ákvæði 37. gr. laga um náttúruvernd um vernd eldhrauna. Eru þær ábendingar áréttáðar hér með. Umhverfisstofnun vill minna á að umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. 19. gr. í sérstökum tilvikum, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannabágu, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnun lítur svo á að ekki hafi verið gefið leyfi til vegagerðar á svæðinu. Mikilvægt er að áréttá að óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda innan 100 m frá arnarvarpi nema umhverfisráðherra veiti undanþágu frá því banni. Ástæða kann að vera til að kveða formlega á um stöðvun frekari framkvæmda á grundvelli skipulagslagu en þær heimildir eru í höndum sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun mælist til þess að sveitarfélagið setji framkvæmdum á svæðinu skýrar skorður í samræmi við framangreindar ábendingar.

Notkun slóðans

Fram hefur komið hjá Náttúrufræðistofnun Íslands að fjórði arnarvarpstaðurinn, er 337 m frá slóðanum. Hann hefur verið notaður reglulega frá því um 1984 og ernir urpu þar síðast og komu upp unggum í fyrra. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. framangreindra laga er óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða unggum.

Umhverfisstofnun telur ljóst að framkvæmdir vegna vatnsleiðslu eftir slóðanum er óheimil frá 15. mars til 15. ágúst nema fengist hafi undanþága frá banni frá umhverfisráðherra. Í greinargerð með ofangreindu ákvæði kemur fram að þær lögmætu nytjar sem vísað er til um brýna nauðsyn eru árstíðabundnar nytjar svo sem æðarvarp. Nýting sumarhúsa getur ekki fallið þar undir að mati stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun mun óska eftir því við sýslumanninn í Borgarnesi að eftirlit verði haft með banni við framkvæmdir og umferð um slóðann á varptíma verði virt.

Aðrar framkvæmdir við Litla-Hraun

Auk þess sem að framan greinir kom í ljós við skoðun á svæðisins að rudd hefur verið slóð út frá ætluðum vatnsleiðsluslóða um eldhraun að fyrirhugaðri sumarhúsalóð. Umhverfisstofnun er ekki kunnugt um að veitt hafi verið leyfi fyrir þeirri slóðagerð.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson